



Stjórnarfundur BLÍ 22. febrúar 2012

Fundargerð

Mættir voru: Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Valdimar Hafsteinsson og Kristján Geir Guðmundsson. Aðrir boðuðu forföll.

Tekin voru fyrir bréf, tengd mótamálum sem borist höfðu frá Blakdeild Stjörnunnar og UMFL. Formanni var falið að senda bréfiturum svar stjórnarinnar.

Bikardráttur hefur frestast vegna þess að ekki hefur enn verið skrifað undir samning við aðalstyrktaraðila Bikarkeppninnar. Undirritunar er vænst á næstu dögum. Eftir á að fínþússa fyrirkomulag útsendingar RÚV á úrslitaleikjunum.

Ákjósanleg dagsetning fyrir ársþing var talin vera 12. maí. Rætt var um að halda málþing daginn áður til þess að ræða brýn mál sem mótamál, afreksmál og útbreiðslu.

Rekstur sambandsins er svipaður og undanfarin ár. Haldið er áfram að greiða niður skuldir og aðhalds gætt.

Rætt var um að minnast 40 ára afmælis BLÍ þann 11. nóvember næstkomandi með kaffisamsæti. Þangað yrði m.a. boðið fyrirverandi formönnum og öðrum velunnurum sambandsins. Stjórnarmenn voru beðnir að huga að heiðrunum á afmælisárinu.

Ráðning landsliðsþjálfara A liðanna fyrir verkefni í maí er á lokastigi og verður væntanlega tilkynnt innan fárra daga.

Að lokum var rætt um árshátíð BLÍ og væntanlega heiðurgesti þar. Styrktarsamning við Sportis, útbreiðslu og aukaæfingar. Kynnt var gjöf frá ÍSÍ sem var bók um 100 ára sögu þess auk afmælisfána.